



BA ritgerð
Félagsráðgjöf

Áfram stelpur!

Afleiðingar og viðbrögð við nauðgunum.

María Unnur Ólafsdóttir

Anni G. Haugen
Júní 2017



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Áfram stelpur!
Afleiðingar og viðbrögð við nauðgunum.

María Unnur Ólafsdóttir
150480-3379

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf
Leiðbeinandi: Anni G. Haugen
Stærð ritgerðar í ECTS einingum: 12 einingar

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2017

Áfram stelpur!

Afleiðingar og viðbrögð við nauðgunum.

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© María Unnur Ólafsdóttir, 2017

Reykjavík, Ísland, 2017

Útdráttur

Kynferðislegt ofbeldi er staðreynd sem ekki er hægt að horfa fram hjá. Á Íslandi lítur út fyrir að rúmlega 13 % kvenna hafi verið nauðgað eða að tilraun hafi verið gerð til þess. Þeir sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi eiga á hættu að þurfa að glíma við alvarlegar afleiðingar vegna þess. Sem dæmi um afleiðingar má nefna kvíða, þunglyndi, áfallastreituröskun, sektarkennd og skömm. Eins geta brotþolar smitast af alvarlegum kynsjúkdómum eins og HIV og konur sem eru brotþolar geta orðið ófrískar. Rannsóknir sýna að þegar brotþolar segja öðrum frá því að þeir hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eins og nauðgun þá bregst fólk jafnvel við því á neikvæðan hátt, sem sagt með því að sýna brotþolum neikvæð viðbrögð. Þegar að það gerist þá getur það til dæmis aukið líkurnar á áfallastreituröskun hjá brotþola. Niðurstöður rannsókna benda til þess að þegar brotþoli fær neikvæð viðbrögð frá fólki getur það valdið því að hann hættir að vilja segja frá og tala um kynferðislega ofbeldið. Þannig að svo virðist sem að neikvæð viðbrögð frá einstaklingi í garð brotþola geti valdið þöggun þess síðarnefnda. Rannsóknir sýna einnig að fyrstu viðbrögð frá fagaðilum hafa mikið um það að segja hvort brotþolinn muni ná að yfirstíga ofbeldið og vinna með það eða bera harm sinn í hljóði. Jákvæð viðbrögð í garð brotþolans hefur þau áhrif að hann nær mun betur að vinna með áfallið sem kynferðislegt ofbeldi er og þar með eru afleiðingarnar minni.

Formáli

Þessi ritgerð er 12 eininga (ECTS) lokaverkefni til BA prófs í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi var Dr. Anni G. Haugen lektor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Henni vil ég þakka fyrir góða leiðsögn og nota tækifærið til að hrósa henni fyrir frábært samstarf, lærdómsríkar ábendingar og hvatningu. Einnig vil ég þakka Guðrúnu Katrínu Jóhannesdóttur fyrir yfirlestur á ritgerðinni og hjálplegar ábendingar.

Vinkonum mínum héðan úr Háskólanum Eyrúnu Sævarsdóttur og Magneu Kristínu Ómarsdóttur vil ég þakka fyrir góðan vinskap og ómælda hvatningu í gegnum námið. Einnig vil ég þakka stelpunum mínum Viktoríu og Karólínu ásamt fjölskyldu minni fyrir stuðninginn sem hefur verið ómetanlegur.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli	4
Efnisyfirlit	5
1 Inngangur	6
2 Skilgreiningar	8
3 Tíðni	10
4 Kenningar	12
4.1 Femínismi.....	12
4.1.1 Mýtur um nauðgun.....	14
4.2 Vald og valdaójafnvægi.....	15
5 Afleiðingar kynferðislegs ofbeldis	17
5.1 Tilfinningalegar afleiðingar.....	17
5.1.1 Skömm.....	20
5.1.2 Sektarkennd.....	20
5.1.3 Áfallastreituröskun.....	20
5.1.4 Kvíði.....	22
5.1.5 Þunglyndi.....	22
5.2 Líkamlegar afleiðingar.....	22
5.3 Félagslegar afleiðingar.....	22
6 Að segja frá nauðgun	25
6.1 Brotþólar og fagaðilar.....	25
6.2 Brotþólar og aðstandendur.....	28
6.3 Þöggun.....	28
6.4 Geta viðbrögð annarra valdið þöggun.....	29
7 Hlutverk félagsráðgjafa gagnvart brotþóllum	31
7.1 Stígamót er miðstöð fyrir þólar kynferðislegs ofbeldis.....	31
8 Niðurstöður	33
9 Lokaorð og umræður	35
Heimildaskrá	37

1 Inngangur

Ein alvarlegasta birtingamynd ofbeldis er kynferðislegt ofbeldi (Ivanov, Platonova og Kozlovskaya, 2015). Nauðgun flokkast undir skilgreininguna á kynferðislegu ofbeldi (Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, 2009). Konur virðast eiga meira á hættu að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi eða nauðgun en karlar en þegar skoðað er þær nauðganir sem tilkynntar voru til lögreglu má benda á að á árunum 2008 til 2009 voru konur um 98 % brotþolar (Hildur Fjóla Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013).

Afleiðingar af slíku ofbeldi geta verið mjög alvarlegar fyrir þann sem fyrir því verður og er áfallastreituröskun ein af þeim afleiðingum (Krug, Dahlberg, Mercy, Zwi og Lozano, 2002).

Mikilvægt að skoða hvernig hægt er að koma í veg fyrir frekara áfall fyrir brotþola og hvernig fagmenn og aðstandendur geta átt þar stóran þátt. Fyrri rannsóknir hafa gefið til kynna að brotþolar eigi á hættu að upplifa að þeim sé kennt um (e. victim – blaming) til dæmis af vinum, kunningjum, ættingjum og fagaðilum sem þeir leita til eftir að hafa verið beittir kynferðislegu ofbeldi. Það er talið geta haft áhrif á andlega og líkamlega heilsu brotþola (Campbell, Wasco, Ahrens, Sefl og Barnes, 2001). Með því að rjúfa þögnina og segja frá ofbeldinu, er líklegra að brotþolar nái betri tókum á að vinna úr ofbeldinu (Browne, 1991). Ef hann segir ekki frá eða mætir neikvæðum viðbrögðum annarra er líklegra að hann nái síður að yfirstíga áfallið og vinna með það og geta fléttast saman afleiðingar sem koma í kjölfarið (Campbell og Raja, 1999).

Mýtur um nauðgun eru enn til staðar hjá einstaklingum og í samfélaginu í heild sinni. Mýturnar má rekja til orðræðunnar í samfélaginu, gilda og viðhorfa sem að enn geta réttlætt kynferðislegt ofbeldi (Edwards, Turchik, Dardis, Reynolds og Gidycs, 2011). Femínískar nálganir útskýra kynferðislegt ofbeldi sem afleiðingu af valdaójafnvægi sem að þrífst í samfélaginu (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2014).

Talið er að aðeins hluti nauðgana eða um 2 til 26 % séu tilkynntar til lögreglu (Ahrens, Campbell, Ternier-Thames, Wasco og Sefl, 2007; Bachman, 1998). Þegar skoðað er sakfellingu í afbrotamálum kemur í ljós að af þeim er minnst sakfelld í nauðgunarmálum (Bachman, 1998).

Rannsóknarspurningar ritgerðarinnar eru eftirfarandi:

Hverjar eru afleiðingar nauðgana fyrir brotþola?

Hverju mæta brotþolar þegar þeir segja frá því að hafa verið nauðgað ?

Geta viðbrögð annarra stuðlað að þöggun hjá brotþola?

Hvað veldur þöggun?

Ritgerðinni verður skipt upp í 9 kafla. Í öðrum kafla verður fjallað um fjórar mismunandi skilgreiningar á nauðgunum, má þar nefna skilgreiningu íslenskra hegningarlaga, Stígamóta og Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar (WHO) en þessar stofnanir hafa hver sína skilgreininguna á til að útskýra ofbeldi af þessu tagi.

Í þriðja kafla verður skoðað tíðni nauðgana út frá því hverjir verða fyrir nauðgunum, hversu margar kærur og / eða tilkynningar berast lögreglu á ári hverju og hversu hátt hlutfall nauðgana má áætla að berist til lögreglu. Í fjórða kafla verður efni ritgerðarinnar tengt við kenningar um femínisma og kenningar Foucault um vald og valdatengsl. Í fimmta kafla sem inniheldur afleiðingar nauðgana á brotþolann. Má þar nefna líkamlegar, tilfinningalegar og félagslegar afleiðingar. Rætt verður um eðli afleiðinganna og hvernig þær koma fram og hvernig þær geta haft áhrif á brotþolann til lengri tíma litið ef hann fær ekki þá aðhlyningu sem brotþoli þarfnast.

Í sjötta kafla verður svo sagt frá hvernig viðbrögðum brotþolar mæta þegar þeir segja fagaðilum eða aðstandendum frá því að þeim hafi verið nauðgað. Skoðað verður hvort að fyrstu viðbrögð sem og önnur viðbrögð sem brotþoli mætir hafi áhrif á líðan hans. Hér er áhugavert að skoða hvort að brotþolar upplifi skömm vegna viðbragða annarra og hvort að þau geti jafnvel stuðlað að þöggun. Í sjöunda kafla verður svo tekið fyrir störf félagsráðgjafa með brotþolum og mikilvægi þess að brotþolar fái aðstoð fagaðila sem að mætir þeim með virðingu og hafi hagsmuni brotþolans að leiðarljósi. Einnig að brotþolar upplifa það að þeim sé trúað. Í áttunda kafla eru niðurstöður settar fram og svarað rannsóknarspurningunum hér að ofan eftir bestu getu. Í níunda kafla eru lokaorð og umræður reifaðar og verða þá teknar fyrir áhugaverðar vangaveltur og efnið skoðað í kjölinn ásamt vangaveltum um málefni sem áhugavert væri að skoða.

2 Skilgreiningar

Skilgreiningar á kynferðislegu ofbeldi eru breytingum háð. En þar hafa þættir eins og viðhorf, gildi og menning hvers samfélags fyrir sig áhrif á (Elliott, 1994). Til eru ýmsar skilgreiningar á nauðgun sem bendir ef til vill til þess að viðhorfin geta verið ólík gagnvart nauðgunum.

Samkvæmt Alþjóða heilbrigðisstofnunin (WHO) er nauðgun skilgreind á eftirfarandi hátt:

Nauðgun á sér stað þegar líkamlegt afl eða aðrar þvingunaraðferðir eru notaðar til að þröngva typpi, öðrum líkamshlutum eða hlutum inn í leggöng eða endaparm. Ef einhver gerir tilraun til þessarar athafnar þá telst það sem tilraun til nauðgunar. Ef nauðgun er framin af tveimur eða fleiri gerendum þá er það hópnauðgun (Krug o. fl., 2002, bls. 149).

Í bókinni Nauðgun eftir Sigrúnu Júlíusdóttur (2011) er nauðgun skilgreind á eftirfarandi hátt:

Nauðgun er líkamsárás, þvingun eða tilraun til þvingunar til kynferðislegra samskipta. Ekki skiptir máli hvort hvatir árársaðila beinast að líkamsmeiðingum, andlegri/persónulegri niðurlægingu eða kynferðislegri útrás.

Samkvæmt Stígamótum er skilgreining á kynferðislegu ofbeldi eftirfarandi:

Nauðgun skilgreinum við sem kynferðislegt ofbeldi þar sem einhver þrengir sér eða gerir tilraun til að þrengja sér inn í líkama annarrar manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsvörðunarrétt og sjálfstjórn hennar á bak aftur (Anna Þóra Kristinsdóttir og Guðrún Jónsdóttir, 2016).

Lagaleg skilgreining er samkvæmt 194. gr. Almennra hegningarlaga þessi:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögumatri nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti. Það telst einnig nauðgun og varðar sömu refsingu og mælt er fyrir um í 1. mgr. að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans. (Almenn hegningarlög, XXII. kafli).

3 Tíðni

Kynferðisbrot eru erfið viðureignar og einnig getur verið erfitt að eiga við sönnunarbyrði þeirra mála (Gunnar Reynir Sveinbjörnsson, 2010). Telja má ólíklegt að þær nauðganir sem að eru kærðar til lögreglu endurspegli tíðni nauðgana þar sem að einungis hluti þeirra skilar sér til lögreglunnar (Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013). En nauðgun er talin vera sá glæpur sem er minnst kærður til lögreglu (Menon, 1983). Sem dæmi má nefna að af þeim málum sem bárust Stígamótum árið 2016 komust aðeins 9,7% þeirra inn á borð til lögregluvalda eða annarra opinberra aðila. Í ársskýrslum frá árunum 1992 til 2015 má sjá í tölulegum gögnum að aðeins 4 % til 12 % mála sem berast Stígamótum eru kærð til lögreglu ár hvert.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem unnin var fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið árið 2010 kemur í ljós að nauðganir eru samfélagslegt vandamál hér á landi. (Ingólfur V. Gíslason, 2010). Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem unnin var af Velferðarráðuneyti Íslands hafa um 13,2 % kvenna verið nauðgað eða þá að reynt hefur verið að nauðga þeim (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010). Þessar tölur ná einungis til nauðgunar og tilraunar til hennar en ekki til annarra gjörða sem teljast sem kynferðislegt ofbeldi.

Þegar ársskýrsla Stígamóta fyrir árið 2016 er skoðuð þá kemur í ljós að alls leituðu 654 einstaklingar til Stígamóta það sama ár. Af þessum 654 einstaklingum komu 349 einstaklingar til að sækja sér aðstoðar vegna mála sinna í fyrsta skipti. Aukning var á einstaklingum sem sóttu sér aðstoðar hjá Stígamótum á milli árunum 2015 og 2016 þannig að það jókst að ný mál bærust samtökunum. Nýjum málum hefur fjölgað og ekki hafa verið fleiri síðan árið 1992. En það ár komu inn 396 mál einstaklinga sem komu í fyrsta skipti vegna eigin mála. Talið er að um 70,6% þeirra sem leita til Stígamóta hafa orðið fyrir nauðgun, tilraun til nauðgunar eða sífjaspells. Ástæðan fyrir því að svo fáar kærur berast á endanum til lögreglu geta verið af ýmsum toga en meðal annars má nefna að brotaþolar geta verið haldnir mikilli skömm og sektarkennd. Sumir brotaþolar upplifa sig jafnvel bera ábyrgð á ofbeldinu. Brotaþolar þora sumir hverjir ekki að taka málið alla leið í gegnum dómstóla vegna ótta við að þeim verði ekki trúað eða að gerandinn verði sýknaður (Anna Þóra Kristinsdóttir og Guðrún Jónsdóttir, 2016).

Í þeim ríkjum sem að jafnrétti kynjanna hefur verið í hávegum höfð hefur kærur vegna nauðgana fjölgað. Kærutíðni kynferðisbrotamála hefur aukist jafnt á Íslandi sem og í öðrum

löndum en endurspeglar þó ekki sakfellidóma hvorki hér né í öðrum löndum þar sem að fáar nauðgunarkærur sem berast á borð lögreglu endar með sakfellingu. Þegar skoðað er réttarkerfið eins og það er í dag má segja að gert sé ráð fyrir því að kona sem lendir í klóm nauðgara eigi að berjast af öllum lífs og sálarkröftum til að þær hljóti áverka sem sjáist utan á þeim. Því það er eins og það þurfi til að gerendur í kynferðisbrotamálum séu sakfelldir. Samt sem áður er það svo að þessir áverkar duga oft ekki til að fá gerandann sakfelldan (Sigrún Júlíusdóttir, 2011).

4 Kenningar

Til að skoða efni ritgerðarinnar og svara þeim rannsóknarspurningum sem lagt er upp með er gagnlegt að skoða kenningar um femínisma og kenningar um vald og valdatengsl.

4.1 Femínismi

Samkvæmt hugmyndafræði femínískra kenninga er staða karla sterkari en kvenna og það gefur körlum aukið vald yfir konum. Bent hefur verið á að misræmi á valdi á milli kynjanna finnist í flestum nútímasamfélögum enn þann daginn í dag (Thio, 2010). Það hefur verið bent á að í kynferðislegum samböndum fólks þá tengi karlmenn völd sín oft beint við kynlíf. Þeir fá útrás fyrir reiði í kynlífinu og finni til valds síns. Með klámvæðingu innan samfélaga hefur þetta jafnvel aukist þar sem að í slíkum aðstæðum er önnur manneskjan og þá oftast karlmaðurinn settur fram sem æðri en hin manneskjan (Chapleau og Oswald, 2010). Í femínískum kenningum er fjallað um að tengsl séu á milli ójafnréttis á milli kynjanna og kynbundins ofbeldis (Sólveig Anna Bóasdóttir, 1998).

Feðraveldi er hugtak sem kemur fyrir í tengslum við femínisma og lítur að því að konur eru undirokaðar og kúgaðar af hendi karlmannna. Samkvæmt femínismanum teygir feðraveldið sig um allt samfélagið og fyrirfinnst meðal annars innan stofnana þess og í nánnum samböndum (Sólveig Anna Bóasdóttir, 1998).

Femínismi er annars vegar fræðigrein og hins vegar barátta. Með pólitísku markmiði femínisma er litið þannig á að til að fullt jafnrétti náist milli kynjanna þurfi vitundarvakningu á meðal fólks (Karen Ásta Kristjánsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2015). Sem sagt fólk þurfi að gera sér grein fyrir ójafnrétti kynjanna og taka þátt í stuðla að breytingum í þeim eignum.

Fjallað er um að þrjár bylgjur hafi átt sér stað í jafnréttisbaráttu kynjanna. Með fyrstu bylgjunni börðust konur fyrir því að fá kosningarétt, kjörgengi og önnur lagaleg réttindi líkt og karlmenn. Þetta hefur verið kennt við frjálslyndan eða borgaralegan femínisma í ætt við þann sem birtist í bókinni *Kúgun kvenna* eftir John Stuart Mill (1997). En þar var markmiðið að ná fram lagalegu jafnrétti, fjárhagslegu frelsi og algjöru frelsi einstaklinga. Á Íslandi fengu konur borgaraleg réttindi í nokkrum áföngum. Árið 1900 fengu konur fyrst rétt til að ráða yfir eigin tekjum en fram að því voru það eiginmenn þeirra sem gerðu það. Árið 1915 var svo stórum áfanga náð í kvennabaráttunni þegar að konur fengu kosningarétt (Þorgerður Einarsdóttir, 2004).

Á árunum 1920 til 1960 fór lítið fyrir kvennahreyfingum bæði á Íslandi og í öðrum löndum. Þó var það svo að árið 1949 kom út bókin „*Hitt kynið*“ (f. *Le deuxième sexe*) eftir Simone de Beauvoir. Bókin hafði mjög mikil áhrif á kvennabaráttuna en einkunnarorð hennar voru „við fæðumst ekki konur heldur verðum konur“ (Þorgerður Einarsdóttir, 2004).

Á árunum 1960 til 1980 hófst önnur bylgja kvennahreyfinga. Rauðsokkahreyfingin er talin hafa sett mark sitt á upphaf þessa tímabils hér á Íslandi. Sú hreyfing hafði mikil áhrif á íslenskt þjóðfélag og hreyfði við kröfum kvenna er vörðu stöðu þeirra innan samfélagsins. Vakningu var hrundið af stað. Á þessum tíma voru konur farnar að vinna meira utan heimilisins og getnaðarvarnir voru komnar til sögunnar. En á þessum tíma hefði lítil sem engin breyting orðið á stofnunum og menningu sem gengu enn út frá hinu hefðbundna hlutverki kvenna. Hreyfingin fékk á sig töluverða gagnrýni og var meðal annars þekkt viðhorf þess efnis að konur sem aðhylltust femínisma væru konur sem lemdu eiginmenn sína með svipu (Þorgerður Einarsdóttir, 2004).

Á Íslandi var fyrst sett lög um jafnrétti á milli kynjanna en það var árið 1976. Þar áður höfðu verið sett lög um að konur fengju að mennta sig og mættu vera í ákveðnum störfum sem tilheyrðu hinum ýmsu embættum (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2014).

Á níunda áratugnum tók þriðja bylgja kvennabaráttunnar við og stendur hún enn yfir. Bent hefur verið á af þeim sem fara þar fyrir að það eigi ekki að setja allar konur undir sama hatt þar sem þær eru misjafnar eins og þær eru margar. Eins hafa þær gagnrýnt að minnihlutahópar eins og svartar konur og samkynhneigðar hafi ekki fengið það pláss sem þeim skyldi í kvennabaráttunni hér áður. Þessu finnst þeim þurfa að breyta (Cudd og Andreasen, 2005). Femínistar þessarar bylgju leggja áherslu á að konur eigi að geta gert allt sem hugur þeirra girnist, allt sé þeim leyfilegt (Snyder, 2008). Jafnframt beina þær sjónum sínum að kynferðislegu ofbeldi, mansali og staðalímyndum (Jafnréttisstofa, 2010).

Með femínískri nálgun er leitast við að skoða ofbeldi gegn konum sem part af mannlegu samfélagi, menningu þess og gildum. Með því er kynferðislegt ofbeldi útskýrt út frá afleiðingu valdaójafnvægis sem er til staðar innan samfélaga. Samfélagið ýti undir ólík hlutverk kvenna og karla innan þess þannig að valdaójafnvægið verði fólki eðlilegt og það nái að réttlæta það fyrir sjálfum sér og öðrum (Sólveig Anna Bóasdóttir, 1998).

4.1.1 Mýtur um nauðgun

Í bók sinni *Mythologies* segir hinn franski heimspekingur og táknfræðingur Roland Barthes (1993) að mýta sé ein tegund orðræðu. Hann segir þar að auki að með hverri mýtu felist ákveðin skilaboð, form eða einhvers konar merking. Mýtur um nauðgun má finna bæði hjá einstaklingum og samfélögum í heild sinni. Mýturnar tilheyra líklega þeim þáttum sem hafa átt þátt í að viðhalda og réttlæta kynferðislegt ofbeldi út frá sögulegu sjónarhorni (Edwards, Turchik, Dardis, Reynolds og Gidycs, 2011). Sem dæmi um nauðgunarmýtur má nefna staðhæfingar eins og að eiginmenn geti ekki nauðgað eiginkonum sínum, konur njóti þess að vera nauðgað, konur biðji um að láta nauðga sér og konur ljúgi til um að hafa verið nauðgað (Edwards o. fl., 2011). Bent hefur verið á að sú mýta að nauðgunarkærur séu oft byggðar á lygum geti haft með það að gera að það sé að vissu leyti auðveldara og þægilegra að taka hlið gerandans. Af því að með því að taka afstöðu með honum sé fólk í raun að velja aðgerðaleysi sem er auðveldari leið. Með því að taka afstöðu með brotapolanum er farin leið sem felur í sér aðgerðir, baráttu og sársauka (Herman, 2001).

Með nauðgunarmýtum eru brotapolarnir gerðir ábyrgir fyrir nauðguninni. Það hefur verið fjallað um að það megi rekja til þess að það eru ólíkar hugmyndir hjá fólki um kynverund kynjanna (Sigrún Júlíusdóttir, 2011).

Kynverund kvenna:

Konur njóta þess að vera „þvingaðar“ eða tældar til kynferðislegra athafna. Þar af leiðandi gefur ákveðin „tælingarlist“ leyfi til að brjóta á bak aftur hvers kyns mótstöðu sem kemur frá konunni. Hún þrái í raun að verða yfirbuguð af krafti karlmannsins, sem gefst ekki upp þótt hann mæti mótstöðu. Ef „raunveruleg“ nauðgun hefur átt sér stað, hljóti konan að hafa talsverða áverka, þar sem talið er að kona hafi samþykkt kynferðislegar athafnir ef hún berst ekki á móti þeim.

Kynverund karla:

Nauðgun er kynhvatar sem verður stjórnlaus ef hún er vakin. Karlmaðurinn er knúinn áfram af örvæntingarfullri þörf fyrir fullnægingu þegar limur hans er örvaður af klæðnaði, hátterni eða skilaboðum sem konan sendi, jafnvel ómeðvitað. (Easteal og McOrmond-Plummer, 2008).

4.2 Vald og valdaójafnvægi

Öll náin sambönd er hægt að skoða út frá valdi og það má færa rök fyrir því að ef einstaklingar eru bornir saman við hvorn annan þá hafi einn þeirra ákveðið vald fram yfir hinn (Sólveig Anna Bóasdóttir, 1998).

Michel Foucault setti fram kenningu um valdatengsl (e. power relation) sem er á þessa leið:

Í stuttu máli þarf að fallast á að umræddu valdi er beitt en það lætur ekki fanga sig, að valdið er ekki „forréttindi“ ríkjandi stéttar sem hún hefur áunnið sér eða reynir að halda við, heldur er valdið heildaráhrifin af allri herkænsku umræddar stéttar – áhrif sem bæði birtast í og geta jafnvel breytt aðstæðum hinna undirokuðu. Á hinn bóginn er valdinu ekki einfaldlega og einvörðungu beitt á þá „sem ekki ráða yfir því“, eins og þegar skylda eða bann er annars vegar; valdið er bundið í þeim og smýgur í gegnum þá; það styður sig við þá rétt eins og þeir styðjast við þau brögð sem beitir þá í baráttu þeirra gegn valdinu (Foucault, 2005 s. 123-124, þýðandi Garðar Baldvinsson).

Til að tengja textann hér að ofan við efni ritgerðarinnar má benda á að hér er talað um „umrætt vald“ sem hér vísar þá í valdið sem karlmenn hafa yfir konum. Með „ríkjandi stétt“ væri vísað í karlmenn sem tilheyra ríkjandi stétt en konur geri það ekki. „Hinir undirokuðu“ væru í þessu tilfelli þá konur sem eru undir valdi karlmannna.

Foucault telur valdatengsl vera dýnamísk og alltaf á hreyfingu. Hann segir menn gera sér mynd af valdinu sem eilífri togstreitu af bönnum og reglum sem eru settar af ríkjandi einstaklingum í samfélaginu. Hann telur að vald búi til þekkingu sem þjónar best hagsmunum þeirra sem hafa valdið. Hann segir einnig að vald setji fram ákveðna þekkingu og að þekkingin setji fram ákveðið vald. Þekkingarvaldið ákveði svo hugmyndir og viðhorf fólks (Foucault, 2005; Douglas, 2004).

Þær hugmyndir sem Foucault setti fram um vald og orðræðu geta verið hjálplegar til þess að skoða uppbyggingu hvers samfélags. Hann segir að hugsanir einkennist af samspili þekkingar og valds sem síðan búi til ákveðna orðræðu. Orðræðan sé menningarlega mótuð túlkun á sannleikanum. Ráðandi hópar innan samfélaga ákveða svo hvað sé normið og hvað sé rétt. Sú orðræða sem er ráðandi er sett fram á þann hátt að hún sé sönn þar sem að í því liggur hagur þeirra einstaklinga sem tilheyra valdhópum. Þessir sömu einstaklingar búa til ríkjandi orðræðuna. Þetta vald getur haft veruleg áhrif á upplifun fólks og hvernig það talar um skynjun sína á samfélaginu og mótar jafnframt skoðanir þeirra (Bjarki Valtýsson, 2011). Þá

bendir Foucault á að þó svo að fólk sé fast í einhvers konar neti valdatengsla þá geti það gert sér grein fyrir eigin stöðu og haft áhrif á valdatengslin (Foucault, 2005; Douglas, 2004).

Bent hefur verið á að vald og valdaójafnvægi séu miðlæg hugtök þegar kemur að nauðgun (Sigrún Júlíusdóttir, 2011) en segja má að þar birtist yfirráðakerfi karlmanna (Walby, 2008).

5 Afleiðingar kynferðislegs ofbeldis

„Nei ég skal aldrei gleyma því að það varst þú sem eyðilagðir allt gott og hreint og fallett sem ég átti í sálinni, með því að troðast eins og viðbjóðslegt kvikindi upp í rúmið okkar mömmu þegar við komum hingað alslausar í fyrsta sinn...sem var þá ekki annað en barn á tólfta ári, og ég er ekki búin að ná mér eftir það enn og næ mér aldrei meðan ég lifi, - þessi andstygð hefur ásótt mig í vöku og svefni altaf síðan, og þegar mig dreymir djöfulinn á næturnar þá ert það þú, þú, þú, - þú ert djöfullinn sjálfur og ég lifi aldrei, aldrei glaðan dag fyrr en ég veit að þú ert dauður“ (Halldór Laxness, 1931, bls.166).

Í þessum texta er vísað í orð Sölku Völkú sem er aðalpersóna samnefndrar bókar eftir Halldór Laxness. Hér talar Salka Valka við þann sem beitti hana kynferðislegu ofbeldi og með orðum hennar fá lesendur að skyggast inn í langvarandi afleiðingar kynferðisofbeldisins og hversu alvarlegar afleiðingarnar af því geta verið.

Afleiðingar af kynferðislegu ofbeldi geta verið af tilfinningalegum, líkamlegum og félagslegum toga (Elklit og Shevlin, 2010). Afleiðingar af áföllum eins og nauðgun geta komið fram strax á eftir og eins geta þær komið fram allt að mörgum mánuðum og jafnvel árum seinna. Afleiðingarnar geta farið að gera vart við sig hægt og bítandi eða skyndilega (Miller-Karas, 2015).

5.1 Tilfinningalegar afleiðingar

Rannsóknir hafa ítrekað bent til þess að kynferðislegt ofbeldi geti haft í för með sér miklar tilfinningalegar afleiðingar fyrir þann sem fyrir því verður (Shevlin, Dorahy og Adamson, 2007).

Rannsóknir benda einnig til þess að þeir sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi eigi það á hættu að fara að misnota áfengi til að takast á við tilfinningalegar afleiðingar ofbeldisins (Elklit og Shevlin, 2010). Svo virðist sem að þeir sem verði fyrir kynferðislegu ofbeldi noti frekar lyfseðilskyld róandi lyf en þeir sem ekki verða fyrir þess háttar ofbeldi. En svo virðist sem að brotáþolar noti þessa aðferð sem bjargráð til að meðhöndla tilfinningalegar afleiðingar kynferðislega ofbeldisins. Þá hefur komið fram í rannsóknum að þegar brotáþolar fara til læknis til að fá lyf til að deyfa niður tilfinningalegar afleiðingar ofbeldisins þá nefni brotáþolarnir oft ekki af hverju vanlíðanin stafar af ótta við viðbrögð læknisins (Sturza og Campbell, 2005).

Einnig gefa rannsóknir til kynna að það að gera brotáþola á einhvern hátt ábyrgan fyrir kynferðislega ofbeldinu geti dregið úr sjálfstrausti hans, aukið hættuna á að hann þrói með sér

átröskun, ýtt undir sjálfsvígshugsanir eða tilrauna til sjálfsvígs (Ackard og Neumark-Sztainer, 2002).

Þeir Finkelhor og Browse (1985) rannsökuðu afleiðingar kynferðislegs ofbeldis. Þeir lögðu áherslu á að skoða hvaða áhrif kynferðislegt ofbeldi hefur á þann sem fyrir því verður. Niðurstöðurnar settu þeir fram með því að skipta þeim upp í fjögur stig sem eru eftirfarandi:

1. Áfallatengd kynlífsvæðing (e. traumatic sexualization): Þekkt er að brotþolar upplifi ótta við að ofbeldið sjáist utan á þeim. Jafnframt er það þekkt að brotþolar upplifi hræðslu við að maki þeirra komist að því að þeir hafi verið beittir kynferðislegu ofbeldi. Þess háttar ofbeldið getur haft áhrif á kynvitund brotþola þannig að þeir fara jafnvel að upplifa kynlíf á neikvæðan hátt og yfirfæra þá neikvæðni á kynlíf með maka. Þannig að brotþolar geta átt á hættu að þurfa að takast á við vandamál tengt kynlífi í sínu þarsambandi.
2. Svik (e. betrayal): Þekkt er að einstaklingar upplifi reiði eftir að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Reiðin getur beinst gegn gerandanum og jafnvel einhverjum öðrum. Brotþolar upplifa sig oft á tíðum eina á báti og mikilvægt er fyrir þá að geta treyst á aðra. Brotþoli getur upplifað það að gerandi og jafnvel aðrir hafi svikið sig. Hann upplifir einnig að ekki hafi verið hægt að treysta þeim sem hann bjóst við að myndu vernda sig og forða sér frá ofbeldinu. Að auki geta brotþolar upplifað sorgarviðbrögð í kjölfarið, fundið mikla þörf fyrir tengsl við annað fólk og vilja ekkert fremur en að finna öryggi sitt aftur. En svo virðist sem að brotþoli eigi á hættu að einangrast og að hann geti átt erfitt með að mynda það sem teljast eðlileg tengsl við aðrar manneskjur á lífsleiðinni. Brotþoli getur sýnt einhvers konar varnarhætti til að forðast að verða svikinn aftur í framtíðinni.
3. Hjálparleysi (e. powerlessness): Þegar fólk upplifir að það geti ekki haft stjórn á aðstæðum sínum þá getur það upplifað sig sem hjálparlaust. Þeim finnst þau ekki ráða ferðinni og finnst óþægilegt að vita ekki hvað gerist næst í lífi sínu. Algengt er að þeir sem að hafa lent í kynferðislegu ofbeldi upplifi hjálparleysi. Hjálparleysi getur haft ýmislegt í för með sér og má nefna í því samhengi þunglyndi, kvíða, einhvers konar fælni, viðkvæmni, sjálfskaðahegðun og sumir upplifa hugsanir um sjálfsvíg.

Það að brotþoli upplifi að hafa ekki stjórn á eigin lífi og óttist hvað komi næst hefur í för með sér enn meiri ótta fyrir brotþola.

4. Stimplun (e. stigmatization) : Með stimplun er átt við það að brotþoli upplifi vanlíðan tengt því viðhorfi sem tíðkast gagnvart kynferðislegu ofbeldi og þeim sem verða fyrir því. Brotþolinn getur fundið til sektarkenndar og skammar. Þessar tilfinningar geta aukist hjá brotþola ef að raddirnar í kringum hann eru þess eðlis að hann upplifi að fólk trúir sér ekki eða að fólk geri lítið úr verknaðinum (Finkelhor og Browse, 1985).

5.1.1 Skömm

Þegar orðinu skömm er flett upp í íslenskri orðabók (2002) er sagt að skömm sé hneisa, smán, óvirðing og vansæmd. Að hafa skömm af einhverju og að fá einhvern til að skammast sín eru allt setningar sem hafa að einhverju leiti niðrandi athugasemdir, fela í sér fyrirlitningu og/eða samviskubit. Þegar orðinu skömm er flett upp í enskri orðabók (e. shame) kemur upp að það sé tilfinning sem fólk upplifi sem vanlíðan og sektarkennd vegna atburða sem við skömmust okkar fyrir. Meðvitund fólks segir því að það sé rangt og óheiðarlegt (Dictionary.com, e.d.).

Skömm virðist vera tilfinning sem einstaklingar geta upplifað eftir að hafa verið beittir kynferðislegu ofbeldi. Þeir geta þá í tengslum við skömmina viljað láta sig hverfa og einangra sig. Skömmin getur á þann hátt þaggað niður í brotapolanum þannig að hann tjái sig ekkert eða minna um ofbeldið sem hann varð fyrir (Lewis, 1992). En þetta hefur einmitt verið bent á í niðurstöðum rannsókna, sem sagt að brotapolar sem segja frá því að hafa verið nauðgað og fá neikvæð viðbrögð bregðist við með því að tala ekki um nauðgunina aftur eða ekki fyrr en löngu seinna (Ullman og Filipus, 2001).

5.1.2 Sektarkennd

Sektarkennd er þekkt hjá þeim sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Með sektarkenndinni er einstaklingurinn sem er brotapolinn í þessu tilviki, að einblína á verknaðinn, sem sagt ofbeldið sem hann varð fyrir. Hugsanir geta komið upp hjá brotapolanum tengdar því hvað hann hefði gert rangt og hvað hann hefði getað gert öðruvísi inn í aðstæðunum. Þannig að hann kennir sjálfum sér um. Ef brotapolinn vinnur ekki úr ofbeldinu getur það haft áhrif á sjálfsmynd hans og þá getur sektarkenndin orðið að skömm (Lewis, 1992).

Sektarkennd og sjálfsásakanir verða til þess að brotapolinn gerir hvað hann getur til að forðast aðstæður til að lenda ekki í slíku ofbeldi aftur og þegar brotapolinn tekur ábyrgð á ofbeldinu og kennir sér um verður enn erfiðara fyrir hann að vinna úr því (Walker o.fl., 2005).

5.1.3 Áfallastreituröskun

Hægt er að skilgreina áfall á ýmsa vegu en í stuttu máli má segja að einstaklingur verði fyrir áfalli þegar hann stendur frammi fyrir því að hann upplifir að lífi sínu eða einhvers annars sé ógnað. Áföllum hefur verið skipt upp í stór áföll (e. large trauma) og í minni áföll (e. small trauma). Þeim sem upplifa stór áföll getur liðið eins og heimurinn sem þeir búa í sé ekki öruggur. Kynferðislegt ofbeldi og þá þar með talin nauðgun fellur undir stór áföll (Miller-Karas, 2015).

Ákveðnir þættir hafa áhrif á hvort raunverulega sé hægt að segja að einstaklingur sé með áfallastreituröskun. Ein leið til að ákveða það er að notast við greiningarkerfið DSM-IV. Hér verður útskýrt hvaða einkenni eru þekkt hjá þeim sem eru haldnir áfallastreituröskun samkvæmt fyrrnefndu greiningarkerfi.

Fyrst má nefna að til að einstaklingur geti talist með áfallastreituröskun þarf hann að hafa orðið fyrir áfalli þar sem hann upplifði eða hafði vitneskju um atburð sem ógnaði lífi og/eða olli alvarlegum áverkum. Eins þarf hann að hafa upplifað mikinn ótta og hjálparleysi eftir að atburðurinn átti sér stað. Hjá fólki með áfallastreituröskun er atburðurinn sem olli áfallinu sí og æ endurupplifaður.

Þá er talað um að þessar ítrekað endurteknu minningar sem tengjast áfallinu valda óþægindum og vanlíðan. Endurminningarnar koma fram í formi martraða og drauma. Fólk upplifir viðbrögð og tilfinningar, upp úr þurru, um að atburðurinn muni gerast aftur. Þegar fólk með áfallastreituröskun upplifir hluti eða merki sem endurspeglar áfallið finnur hann til tilfinningalegrar þjáningar. Þekkt er að einstaklingar geti fundið fyrir líkamlegum viðbrögðum eins og skjálfta og svita vegna atburða sem tákna eða minna á áfallið á einhvern hátt.

Einstaklingur með áfallastreituröskun upplifir hliðrun og tilfinningadoða sem felur meðal annars í sér endalausan flóttu frá þeim áreitum sem minna á áfallið. Einkennin tengd þessu sem geta komið fram eru a) tilraun til að forðast hugsanir, tilfinningar eða samræður um áfallið, b) tilraun til að forðast fólk, staði, starfsemi sem minna á áfallið á einhvern hátt, c) erfiðleikar við að muna ákveðna hluti sem að tengjast áfallinu, d) mun minni áhugi og þátttaka á hlutum sem einstaklingnum þótti áður áhugaverðir, e) vinaslit og einangrun frá nánustu vinum og ættingjum, f) takmörkuð geta til að sýna tilfinningar eins og væntumþykju til annarra og g) vantrú á þá möguleika sem framtíðin býður upp á eins og þætti er varða menntun, hjónaband, starfsferil eða hversdagslegt líf.

Þá geta ákveðin langvarandi einkenni komið fram hjá einstaklingi með áfallastreituröskun eins og truflanir á svefn, vont skap og reiðiköst, skortur á einbeitingu, ofurárvekni og ýkt svarviðbrögð.

Þessi einkenni sem eru talin upp hér þurfa sum hver að vera til staðar lengur en einn mánuð til þess að hægt sé að greina einstakling með áfallastreituröskun. Þessi einkennivalda miklu uppnámi og truflun á félagslegum samskiptum, þátttöku í atvinnulífi og á hinum ýmsu öðrum sviðum í lífinu (American psychiatric association, 2000).

Niðurstöður rannsókna gefa til kynna að brotapolar eigi í hættu á að glíma við áfallastreituröskun í kjölfar kynferðislega ofbeldisins (Bromet, Sonnega og Kessler, 1998).

5.1.4 Kvíði

Kvíði (e. anxiety) er tilfinning sem líklega allir upplifa einhvern tímann á lífsleiðinni og segja má að það sé eðlilegt upp að vissu marki. Einkenni kvíða koma bæði fram líkamlega og tilfinningalega. Tilfinningaleg einkenni kvíða eru svefntruflanir, áhyggjur, ópolinmæði, viðkvæmni, stuttur þráður, reiði, skortur á einbeitingu, ótti við að deyja, ótti við að ruglast, eirðarleysi og óraunveruleika kennd. Líkamleg einkenni kvíða eru til dæmis svimi, ör hjartsláttur, þungur andardráttur, höfuðverkur, óþægindi í maga, verkir fyrir brjósti, dofi í höndum og fótum, verkir í vöðvum, þreyta, ógleði, kaldar og þvalar hendur, þurrkur í munni, kökkur í hálsi, uppköst, niðurgangur og tíð þvaglát (Sadock og Sadock, 2007).

Kvíði er einn af þeim þáttum sem geta komið upp hjá einstaklingi sem hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi (Krug o. fl., 2002).

5.1.5 Þunglyndi

Þunglyndi (e. depression) er þekkt afleiðing í kjölfar kynferðislegs ofbeldis (Krug o. fl., 2002). Einkenni þunglyndis eru meðal annars depurð, áhugaleysi á hlutum til að mynda þeim sem einstaklingnum þótti áður áhugaverðir, breytingar á matarlyst og líkamsþyngd, truflanir á svefni, eirðarleysi, hægur hreyfingar, orkuleysi, þreyta, sjálfsásakanir og sektarkennd sem ekki eru á rökum reistar, einbeitingarleysi, erfiðleikar með að taka ákvarðanir, sjálfsvígshugsanir, skipulagning á sjálfsvígi og tilraun til sjálfsvígs (American psychiatric association, 2000).

5.2 Líkamlegar afleiðingar

Líkamlegar afleiðingar af kynferðislegu ofbeldi má nefna að konur geta orðið barnshafandi. Einnig eiga brotapolar átt í hættu að smitast af kynsjúkdómum eins og HIV (Krug, Duhlberg, Mercy, Zwi og Lozano, 2002). Svo virðist sem að tengsl séu á milli þess að hafa verið nauðgað og spítalavistar, en konum sem hefur verið nauðgað dvelja að jafnaði fleiri daga, af ýmsum ástæðum, inn á spítala en konur sem ekki hefur verið nauðgað (Elklit og Shevlin, 2010).

5.3 Félagslegar afleiðingar

Félagslegar afleiðingar af kynferðislegu ofbeldi geta verið ýmsar. Sem dæmi má nefna að líkurnar aukast á því að konum sem hefur verið nauðgað eignist ekki börn, þær fari síður í parsamband og séu með lægri tekjur en þær sem ekki hefur verið nauðgað (Elklit og Shevlin,

2010) . Ef skoðað er meistararannsókn Önnu Lilju Karelsdóttir (2015) má sjá að þeir einstaklingar sem höfðu lent í nauðgun upplifðu margir á einhverjum tímapunkti félagsfælni. Þar sem brotapolinn vildi ekki skapa endurupplifun atburðarins með því að fara á staði sem minnti hann á ofbeldið. Einnig er algengt að brotapolar fari ekki inn um fjölmenni og haldi sig til hlés og einangri sig frekar.

6 Að segja frá nauðgun

Ástæða þess að brotapolar segja frá því að þeim hafi verið nauðgað er að þeir hafa þörf til að fá hjálp og til þess að fá að létta af sér (Browne, 1991). Viðbrögð, sem brotapolar geta mætt við að segja frá því að hafa verið nauðgað, geta komið fram sem önnur árás (e. secondary victimization, the second assault). Önnur árás hefur verið skilgreind sem viðhorf, hegðun og verknaður sem miðar að því að skella skuldinni á brotapolann og gera hann með einhverjum hætti ábyrgan fyrir nauðguninni. En áfallið felst ekki einungis í atburðinum sjálfum, sem ofbeldið er, heldur líka því sem gerist eftir það eins og viðbrögðin sem brotapolarnir mæta (Campbell og Raja, 1999). Niðurstöður rannsóknar sýna að neikvæð viðbrögð sem brotapolar mæta úr umhverfi sínu geta valdið eða aukið á einkenni áfallastreituröskunar (Ullman og Filipas, 2001). Þeir sem kæra einhvern sem þau þekkja fyrir nauðgun eru líklegri til að vera ekki trúað (Sudderth, 1998). Það dregur ef til vill úr líkum á að nauðganir séu kærðar þar sem að rannsóknir hafa sýnt að um 83,3 % gerenda þekkja brotapolann áður en nauðgunin er framin (Tjaden og Thoennes, 1998).

Guðrún Katrín Jóhannesdóttir (2016) rannsakaði viðbrögð við nauðgunarkærum í tveimur litlum bæjarfélögum hér á Íslandi. Þá kom í ljós að stelpurnar tvær sem kærðu nauðgunina upplifðu mjög neikvæð viðbrögð frá öðru fólki sem bjó í sama bæ og þær. Stelpunum fannst þær vera útskúfaðar og að íbúar bæjarins hefðu hafnað þeim þannig að á endanum fluttu þær úr bænum. Enn í dag eiga þær erfitt með að heimsækja bæinn sem þær ólust upp í. Stelpurnar töluðu báðar um að hafa þótt neikvæðu viðbrögðin sem þær fengu frá öðru fólki jafnvel eins slæm og nauðgunin sjálf. Þar sem einungis er um tvö bæjarfélög að ræða er ekki hægt að alhæfa út frá niðurstöðum rannsóknarinnar en gera má ráð fyrir að þær gefi vísbendingar um hvernig fólk geti brugðist við þegar nauðgun er kærð.

Það hefur komið fram í rannsóknum að brotapolí fái stuðning eftir að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi er einn af þeim þáttum sem skiptir miklu máli þegar kemur að því að hann nái sér aftur á strik eftir ofbeldið (Resick, 1993).

6.1 Brotapolar og fagaðilar

Svo virðist sem að þau viðbrögð, sem að þeir sem verða fyrir nauðgun, fá frá fagaðilum geti haft mikið að segja til um hvernig brotapolunum gengur að vinnu sig út úr áfallinu (Madigan og Gamble, 1991). Brotapolar sem hafa leitað til fagaðila innan heilbrigðis- eða réttarkerfisins hafa sumir hverjir upplifað að þeim hafi verið kennt um kynferðislega ofbeldið á einhvern hátt.

Það hafi orsakað hjá brotabólunum skömm, þunglyndi, kvíða, vantraust gagnvart öðrum og þeir hafi verið hikandi við að sækja sér meiri hjálp. Auk þess getur önnur árás valdið áfallastreituröskun hjá brotabola (Campbell og Raja, 2005). Sem dæmi um viðbrögð lögreglu og saksóknara sem geta virkað sem önnur árás á brotabola má nefna að spyrja brotabola um fyrri reynslu og upplifun af kynlífi, að spyrja um klæðaburð þegar ofbeldið átti sér stað og að hvetja þá til að kæra ekki verknaðinn til lögreglu. Svo má vera að fagaðilar sem þessir telji nauðsynlegt að spyrja spurninga sem þessa en á sama tíma geta þær komið brotabólum í uppnám og valdið þeim óöryggi og streitu (Campbell o. fl., 2001).

Rannsóknir benda til þess að brotabolar eigi á hættu að fá spurningar frá læknum og hjúkrunarfræðingum sem valda þeim vanlíðan. Þetta eru spurningar sem tengjast fyrri kynlífshegðun brotabola, almennri hegðun brotabola áður en kynferðislega ofbeldið átti sér stað og hvernig komið var fram við brotabolann í vitnaleiðslum. Viðbrögð sem þessi eykur líkur á að brotaboli muni ekki ná sér á strik og jafnvel beri harm sinn í hljóði alla tíð (Campbell, 2005; Campbell, 2006).

Neikvæð reynsla brotabola af samskiptum við starfsfólk heilbrigðiskerfisins eða löggæslunnar geta haft skaðleg áhrif á heilsu hans (Campbell o. fl., 2001). En rannsóknir hafa ítrekað sýnt fram á að neikvæð viðbrögð annarra geti orsakað áfallastreituröskun hjá brotabola og ýtt undir áhættuhegðun hans (Campbell, Sefl, Tracy, Ahrens, Wasco og Zaragoza-Diesfeld, 1999; Campbell, Sefl og Ahrens, 2004). Því má færa rök fyrir því að þegar brotabolar leggja traust sitt á fagaðila þá séu þeir í raun að taka áhættu á að verða fyrir skaða. En niðurstöður rannsóknar sýndu einmitt að meirihluti brotabola sem leituðu sér aðstoðar fagaðila fengu ekki þá aðstoð sem þeir þurftu á að halda (Campbell og Raja, 2005).

Á það hefur verið bent að ástæðuna fyrir því að fagaðilar, eins og lögregla og lækningar, sýni af sér áður nefnda hegðun megi rekja til þeirra staðalímýnda sem þeir hafa varðandi nauðganir. Þessar staðalímýndir megi rekja til stofnananna sjálfra og viðhorf þeirra til kynferðislegs ofbeldis (Martin, 2005; Martin & Powell, 1994). En vinnureglur sumra stofnana eru á þá leið að starfsmenn eru hvattir til og gerðar kröfur um að þeir komi fram við brotabola á ákveðinn hátt eins og að sýna efasemdir, vera tilfinningalega fjarlægir og að taka vitnisburð brotabola ekki inn á sig. Þeim er kennt að halda fjarlægð gagnvart brotabola í stað þess að sína honum samúð og stuðning (Martin, 2005). Það að starfsmaður haldi ákveðinni fjarlægð við brotabola getur haft þau áhrif að sjúklingurinn er útskrifaður fyrr sem er viss fjárhagslegur

ávinningur fyrir stofnunina. Minni tími fer í sjúklinginn og starfsmenn eyða ekki of mikilli orku í einn og einn sjúkling, heldur gefa þeim sem eru taldir mikilvægari sjúklingar meiri tíma (Martin, 2005; Martin og Powell, 1994).

Koss og Harvey (1991) bentu á hvernig mismunandi þættir geta haft áhrif á batahorfur þeirra sem hafa lent í kynferðislegu ofbeldi, það er að segja hvernig viðmóti þeir mega búast við að mæta þegar þeir segja frá því að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, hvernig samspil nokkurra þátta getur spilað inn í farveg bataferilsins, hvernig einstaklingur sem lent hefur í kynferðislegu ofbeldi tekst á við áfallið og vinnur úr því í kjölfarið. Þeir settu fram atriði sem þeir skiptu niður í fjóra þætti sem eru eftirfarandi:

1. Einstaklingurinn: Hér skiptir máli á hvaða þroskaskeiði einstaklingur er þegar hann verður fyrir kynferðislega ofbeldinu. Hér er horft til þátta eins og hvernig bakland brotapolinn hefur og hversu vel í stakk búinn hann er til að takast á við áfall og vinna sig í gegnum það.
2. Áfallið: Hér er horft í atburðinn sjálfan sem í þessu tilfelli er kynferðislegt ofbeldi. Hér er skoðað hversu alvarlegt ofbeldið er, hversu lengi það hefur staðið yfir og hversu oft það hefur átt sér stað. Jafnframt er skoðað hvort að brotapolinn hefur pagað yfir ofbeldinu, sagt frá því eða leitað sér aðstoðar.
3. Umhverfið: Hér spila viðhorf og gildi samfélagsins stórt hlutverk. Skoðað er hvort að brotapolinn upplifi skömm, hver voru upphafleg viðbrögð þegar brotapolinn sagði frá því að hafa verið beittur kynferðislegu ofbeldi og hversu líkamlega og tilfinningalega öruggan hann upplifi sig.
4. Inngrip: Hér er horft á alla þá valdeflandi þætti sem að brotapolni upplifði þegar hann tókst á við áfallið. Ef brotapolni leitaði til fagaðila er skoðað aðkoma hans eða þeirra, það er að segja ef þeir voru fleiri. Skoðað er hæfni þess eða þeirra fagaðila sem brotapolni hitti og ræddi ofbeldið við og hvernig viðbrögðum hann mætti. Fyrsta hjálpin getur skipt miklu máli, það er að segja hvernig viðmóti brotapolni mætir þegar þeir ákveða að leita sér hjálpar.

6.2 Brotapolar og aðstandendur

Í rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur (2011) voru þátttakendur alls 24 talsins og áttu það sameiginlegt að vera konur og að hafa kært nauðgun. Þar kom fram að einungis níu af konunum hafi upplifað beinan stuðning frá vinum og fjölskyldu. Sex kvennanna upplifðu blendnar tilfinningar á þann hátt að viss skilningur var gagnvart þeim en mikil reiði í garð gerandans. Tvær upplifðu áhugaleysi frá sínum nánustu. Sjö kvennanna upplifðu helst reiði, andúð og fordæmingu, frá sínum nánustu, gagnvart gerandanum. Á þann hátt hafi athyglin beinst meira að gerandanum en því að veita brotapolanum stuðning.

Það virðist vera að stuðningur við brotapola þegar hann segir frá geti haft mikið að segja um bata hans eins og áður hefur verið nefnt. Þar virðist stuðningur vina við brotapola vega þyngst (Ullman, 1996).

6.3 Þöggun

Í íslenskri orðabók er þöggun skilgreind sem svo að þagga niður; þöggunarhljóð, hljóð notað til að þagga niður í einhverjum til dæmis „uss, suss, þei“.

Sólveig Anna Bóasdóttir (1998) segir frá hversu nátengd þögnin og skömmin eru og hvernig afleiðingar af kynferðislegu ofbeldi getur haft á andlega heilsu brotapola. Þögn um ofbeldi sem einstaklingur lendir í, sem hann byrgir inn getur orsakað skömm. Með því að rjúfa þögnina og segja frá kynferðislegu ofbeldi sem einstaklingur hefur lent í opnar hann fyrir tilfinningar sínar og hleypir út sársauka sem hann annars getur byrgt inni. Þegar sagt er frá ofbeldinu opnast gáttir og einstaklingar upplifa gjarnan eins og þeir séu að stíga inn í ljósið úr svartara umhverfi sem að þrengir að. Það sem að veldur skömminni er sjálfst leyndarmálið um ofbeldið en yfirleitt er hræðslan um að það komist upp á yfirborðið. Sólveig talar um mikilvægi þess að segja frá og að horfast í augu við að ofbeldið hafi átt sér stað, en það sé fyrsta skrefið til að ná bata.

Svo virðist sem að um 5 % þeirra sem verði fyrir nauðgun beri harm sinn í hljóði alla tíð (Ullman, 1996). Þegar skoðað er ástæðurnar sem liggja að baki því að brotapolar segja ekki frá því að þeim hafi verið nauðgað þá eru það þættir eins og ótti við vera ekki trúað, að kenna sér um nauðgunina, ef einhver nákominn brotapola er gerandinn þá á brotapolinn erfiðara með að skilgreina nauðgunina sem slíka þar sem honum finnst ótrúlegt að einhver geti nauðgað manneskju sem hann er nákominn eða þekkir. Jafnframt getur það að segja ekki frá tengst skilgreiningu brotapolans á nauðgun, sem sagt nauðgunin sem hann varð fyrir rímar ekki við

hugmyndir hans um það hvernig nauðgun á sér stað (Heath, Lynch, Fritch, McArthur og Smith, 2011).

Það er þekkt að brotápolur upplifi samviskubit, skömm og sektarkennd eftir að hafa verið nauðgað sem getur haft áhrif að þeir segja ekki frá.

6.4 Geta viðbrögð annarra valdið þöggun

Viðbrögð annarra geta haft mikil áhrif á brotápolu (Ullman og Filipas, 2001). Rannsóknir benda ítrekað til þess að brotápolur eigi á hættu að mæta dæmandi viðbrögðum annars fólks eftir að hafa sagt frá því að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eða nauðgun (Campbell og Raja, 2005). Þá hafa niðurstöður rannsókna bent til þess að líkamlegar afleiðingar af slíku ofbeldi geti aukist við það að brotápolanum sé kennt um nauðgunina. Það skilar sér svo í aukið álag á heilbrigðiskerfið með tilheyrandi kostnaði (Elklit og Shevlin, 2010). Eins og fram hefur komið er nauðgun mikið áfall fyrir þann sem að fyrir henni verður. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að brotápoli upplifi frekari áfall tengt viðbrögðum annarra. (Campbell og Raja, 2005)

Bent hefur verið á að ólíklegra er að brotápolur kæri nauðgun ef þeir upplifa stuðning frá fólki í kringum sig (Anders og Christopher, 2011).

7 Hlutverk félagsráðgjafa gagnvart brotapolum

Fagaðilar geta spilað stórt hlutverk í bata brotápola. En rannsóknir sýna að brotápolar öðlist frekar bata ef þeir fá hjálp frá þerapistum eins og félagsráðgjöfum, sálfræðingum og öðrum aðilum sem starfa á miðstöðvum fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis (Campbell og Raja, 2005).

Rannsókn sem gerð var af Gilfus o. fl. (2010) kemur fram að 26,4% þeirra sem lent hafa í kynferðislegu ofbeldi eða nauðgun kjósi frekar að leita til félagsráðgjafa en annarra heilbrigðisstarfsmanna með reynslu sína. Hlutverk félagsráðgjafans er að sýna brotápolanum virðingu og láta hann finna að honum sé trúað. Það má segja að félagsráðgjafar séu einstaklega vel í stakk búnir í að vinna með fólki sem lent hafa í ofbeldi af einhverju tagi (National association of social workers, 2002). Félagsráðgjafar notast við ýmsar aðferðafræðilegar nálganir má þar nefna heildarsýnina sem höfð er að leiðarljósi þá er unnið með allt umhverfi brotápolans, fjölskyldu, nærumhverfi og samfélagið í heild og samspil allra þátta skoðað og við hvaða aðstæður einstaklingur býr. Ef unnið er með heildarsýnina er hægt að styðja betur undir stoðir einstaklinga því félagsráðgjafar þekkja hvernig samfélagið virkar og hvernig samfélagið getur unnið með brotapolum en ekki á móti. Mikilvægt er að mæta brotápolanum þar sem hann er staddur og hjálpa honum að komast þangað sem hann vill, með því er notast við sjálfshjálpm með heildarsýnina að leiðarljósi (Lára Björnsdóttir, 2006).

Félagsráðgjafar taka á móti brotapolum nauðgana víða, en meðal annars má nefna að félagsráðgjafar starfa á Stígamótum.

7.1 Stígamót er miðstöð fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis

Hugmyndafræði Stígamóta gengur út á að vinna með einstaklinga sem hafa lent í kynferðislegu ofbeldi og eins að vinna með aðstandendur þeirra. Unnið er út frá kynjafræðilegum kenningum sem varpa ekki aðeins ljósi á orsakir og afleiðingar kynferðislegs ofbeldis heldur einnig á gildi og viðhorf samfélagsins í heild sinni. Samkvæmt femínískum viðhorfum er ekki litið á einstakling sem hefur upplifað kynferðislegt ofbeldi á eigin skinni sem fórnarlamb eða veikan einstakling heldur einstakling sem hefur lifað af raunir og getur staðið sterkur og uppréttur á eftir. Afleiðingar af kynferðislegu ofbeldi geta verið margvíslegar eins og áður hefur komið fram. Afleiðingarnar eru eðlilegar og eiga rétt á sér en það eru eðlileg viðbrögð sem koma í kjölfarið á óeðlilegum aðstæðum. Hjá Stígamótum er unnið starf sem byggist á sjálfshjálpm einstaklinganna sjálfra. Þar er markmiðið að hjálpa einstaklingum að finna eigin styrk og hjálpa

þeim að breyta og bæta líf sitt eins og hægt er. Starfsfólk Stígamóta tekur á móti fólki sem þangað leita á jafningjagrundvelli og leggja upp með að mæta þeim af virðingu. Þar er litið svo á að þeir sem hafa lent í kynferðislega ofbeldinu eru þeir sem að vita best hvaða afleiðingar koma í kjölfarið. Vinnan á Stígamótum felst í því að fletta saman femínísk viðhorf og kenningar, sjálfshjálparstarf og gagnast það bæði í einstaklingsráðgjöf og einnig í hópavinnu með þeim sem eru að vinna sig út úr áfalli. Á meðal fagaðila hjá Stígamótum eru starfandi félagsráðgjafar (Anna Þóra Kristinsdóttir og Guðrún Jónsdóttir, 2016). Starfið sem unnið er innan Stígamóta hefur dregið úr streitu, kvíða og þunglyndi hjá þeim sem hafa leitað sér hjálpar þar. Einnig hafa þeir hinir sömu upplifað meiri sjálfsvirðingu í kjölfarið (Sigrún Júlíusdóttir, 2011).

8 Niðurstöður

Í þessari ritgerð er fjallað um nauðganir á konum. Markmið ritgerðarinnar var að skoða efnið með það í huga að svara þeim rannsóknarspurningum sem eru eftirfarandi: Hverjar eru afleiðingar nauðgana fyrir brotþola? Hverju mæta brotþolar þegar þeir segja frá því að hafa verið nauðgað? Geta viðbrögð annarra stuðlað að þöggun hjá brotþola? Hvað veldur þöggun?

Niðurstöður sýna að afleiðingar af nauðgunum eru mjög miklar fyrir brotþola og geta komið fram á tilfinningalegan, líkamlegan og félagslegan hátt (Krug o. fl., 2002). Ýmsar mýtur um nauðgun og viðhorf til þeirra eru á kreiki og geta gert brotþola erfitt fyrir þegar kemur að því fyrir hann að segja einhverjum öðrum frá því að honum hafi verið nauðgað. Rannsóknir benda til þess að viðbrögð sem brotþolar fá geti haft sitt að segja varðandi bataferil þeirra (Ackard og Neumark-Sztainer, 2002). Sem dæmi má nefna að ef brotþolar fá stuðning frá fagaðilum eða fólkinu sem stendur þeim næst þá ná þeir fyrr bata og eiga auðveldara með að jafna sig (Resick, 1993). Þeir sem aftur á móti fá neikvæð viðbrögð frá fagaðilum eða sínum nánustu geta átt erfiðara með að jafna sig og það getur tekið lengri tíma fyrir þá að ná bata (Ackard og Neumark-Sztainer, 2002). Þegar brotþolar mæta neikvæðum viðbrögðum getur það valdið því að þeir hætta í einhvern tíma eða alveg að tala um nauðgunina við nokkurn mann. Svo virðist sem sagt að neikvæð viðbrögð geti valdið þöggun hjá brotþola (Campell, 2005).

Þar hafa þættir eins og skömm og sektarkennd eflaust líka áhrif, þar sem að það eru algengar afleiðingar nauðgana á brotþola. Þessar afleiðingar geta fléttast saman og stuðlað að þöggun og gerir það í mörgum tilvikum (Sólveig Anna Bóasdóttir, 1998).

9 Lokaorð og umræður

Rannsóknir benda til þess að afleiðingar kynferðislegs ofbeldis geta verið mjög miklar fyrir brotþola. Afleiðingarnar geta verið tilfinningalegar, líkamlegar og félagslegar.

Kynferðislegt ofbeldi er bannað samkvæmt íslenskum hegningarlögum. Sú staðreynd breytir því þó ekki að slíkt ofbeldi á sér stað. Aðeins hluti kynferðislegs ofbeldis kemur inn á borð lögreglu í formi tilkynninga og kæra. Einungis hluti þeirra endar með því að málið sé tekið upp af dómstólum og að dómur falli brotþola í vil. Af þeim nauðgunarmálum sem fara fyrir dóm enda þó flest eða um 75 % með sakfellingu.

Brotþolar geta þurft að takast á við ýmisleg viðbrögð annarra þegar þeir segja frá því að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eða nauðgun. Með öðrum er hér átt við fjölskyldumeðlimi, vini, kunningja og fagaðila eins og lögreglumenn, heilbrigðisstarfsfólk og félagsráðgjafa. Viðbrögðin geta komið fram bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt og hafa áhrif á brotþola. Jákvæð viðbrögð sem að brotþoli mætir styrkir stoðir hans til að vinna úr áfallinu á sem besta mögulegan hátt.

Það er þekkt að brotþolar upplifi meðal annars sektarkennd og skömm eftir að hafa sagt frá því að þeir hafi verið beittir kynferðislegu ofbeldi. Rannsóknir hafa sýnt að þegar að brotþoli segir einhverjum frá kynferðislega ofbeldinu og hlustandinn svarar með neikvæðri athugasemd þá er brotþolin líklegur til að hætta að tala um ofbeldið. Þannig að segja má að þess háttar athugasemdir geti stuðlað að eða ýtt undir þöggun.

Undanfarna áratugi hefur viðhorf fólks að því er virðist farið að breytast til dæmis ef horft er til þeirra radda sem hafa farið að láta í sér heyrast. Þrjár bylgjur kvennabyltinga hafa átt sér stað í sögunni sem höfðu það að markmiði að setja karlmönnum stólinn fyrir dyrnar gagnvart yfirráðum þeirra yfir konum og kröfðust þess að verða metnar til jafns á við þá. Konurnar börðust fyrir tilverurétti sínum því þegar byltingin fór af stað upplifðu konur sig óæðri karlmönnum. Baráttan hefur staðið yfir síðan um 1900 og gerir enn þann dag í dag. Í dag þurfa konur að berjast fyrir óréttlæti eins og kynferðisofbeldi en þær eru í miklum meirihluta þolendur þess.

Ef við lítum okkur nær hér á Íslandi og á það sem nú er að gerast þá er krafan orðin sterk út í samfélaginu. Má því til stuðnings nefna Druslugönguna sem berst fyrir kynferðislegu ofbeldi og fer fram á ári hverju á Íslandi og þúsundir manna taka þátt í til þess að leggja málstaðnum lið. Þar er kallað eftir því að skömminni sé skilað til síns heima, sem sagt til

gerendanna og brotapolar hvattir til að rjúfa þögnina og segja frá. Svokölluð Brjóstabylting eða Free the nipple eins og hún var kölluð á ensku átti sér stað árið 2015 og vakti athygli út fyrir landsteinana þar sem stúlkur og konur lögðu baráttunni lið með því að setja myndir af sér á brjóstunum á alnetið. Tilgangurinn með því var meðal annars að mótmæla hefndarklámi.

Það gæti verið áhugavert að skoða hvað það er sem veldur því að dómskerfið sé hliðhollara gerendum en brotapolum í kynferðisbrotamálum. Einnig er áhugavert að skoða hvort, að þrýstingur frá þeim hópum sem hafa verið að láta að sér kveða í tengslum við kynferðislegt ofbeldi, hafi skilað sér í fleiri tilkynningum og kærur til lögreglu og einnig hvort að refsingar í umræddum málaflokki hafi verið hertar í kjölfarið.

Hvað þöggun varðar þá má benda á að undanfarið hafa sakborningar í kynferðisbrotamálum farið þá leið að kæra til baka brotþola eftir að málin gegn sakborningum hafa verið felld niður eða þeir fundnir dæmdir saklausir. Þessi leið gæti ef til vill haft þau áhrif að brotapolar velji síður að kæra kynferðislega ofbeldið af ótta við að fá á sig kæru fyrir rangar sakargiftir. Fróðlegt væri að rannsaka og skoða þannig hvort að þetta hafi áhrif á ákvörðun þeirra sem standa frammi fyrir því að ákveða hvort kæra eigi kynferðislegt ofbeldi eða ekki.

María Unnur Ólafsdóttir

Heimildaskrá

- Ackard, D. M. og Neumark-Sztainer, D. (2002). Date violence and date rape among adolescents: Associations with disordered eating behaviors and psychological health [rafræn útgáfa]. *Child Abuse & Neglect*, 26(5), 455-473.
- Ahrens, C. E., Campell, R., Ternier, Thames, N.K., Wasco, S. M. og Self, T. (2007). *Deciding whom to tell: Expectations and outcomes of rape survivors first disclosures* [rafræn útgáfa]. *Psychology of women quarterly*, 31(1), 38-49.
- Almenn hegningarlög nr. 194/1949.
- American psychiatric association (2000). *Diagnostic and statistical manual of mental disorder* (4.útgáfa). Washington, DC: American psychiatric association.
- Anders, M. C., og Christopher, F. S. (2011). A socioecological model of rape survivors' decisions to aid in case prosecution. *Psychology of Women Quarterly*, 35(1), 92–106.
- Anna Bentína Hermannsdóttir. (2010). „Mér var stolið.“ Af kynverund kvenna eftir kynferðislegt ofbeldi. Afleiðingar og áhrifavaldar. Meistararitgerð í kynjafræði við Háskóla Íslands. Háskóli Íslands. Stjórn málafræðideild.
- Anna Lilja Karelsdóttir. (2015). Úr myrkrinu í dagsljósið. Karlmennt: hinir földu þolendur kynferðisofbeldis. Meistararitgerð í félagsfræði við Háskóla Íslands. Háskóli Íslands. Félagsfræðideild.
- Anna Póra Kristinsdóttir og Guðrún Jónsdóttir. (2016). Ársskýrsla 2015. *Stígamót*. Reykjavík: Guðjón Ó. Vistvæna prentsmiðjan.
- Bachman, R. (1998). The factors related to rape reporting behavior and arrest: New evidence from the national crime victimization survey. *Criminal justice and behavior*, 25(1), 8–29.
- Barthes, Roland. (1993). *Mythologies*. London: Vintage.
- Bjarki Valtýsson. (2011). *Íslensk Menningarpólitík*. Reykjavík: Nýhil.
- Bromet, E., Sonnega, A., og Kessler, R. C. (1998). Risk factors for DSM-III-R posttraumatic stress disorder: Findings from the National Comorbidity Survey [rafræn útgáfa]. *American Journal of Epidemiology*, 147(4), 353-361.
- Browne, A. (1991). The victim's experience: Pathways to disclosure [rafræn útgáfa]. *Psychotherapy: Theory, research, practice, training*, 28(1), 150–156.
- Campbell, R. (2005). Rape survivors experiences with the legal and medical systems do rape victim advocates make a difference [rafræn útgáfa]? *Violence against women*, 12(1), 30-45.
- Campbell, R. (2005). What Really Happened? A Validation Study of Rape Survivors' Help-Seeking Experiences With the Legal and Medical Systems [rafræn útgáfa]. *Violence and victims*, 20(1), 55-68.

- Campbell, R. og Raja, S. (2005). The sexual assault and secondary victimization of female veterans: help seeking experiences with military and civilian social systems [rafræn útgáfa]. *Psychology of women quarterly*, 29(1), 97-106.
- Campbell, R., Sefl, T. og Ahrens, C. E. (2004). The Impact of Rape on Women's Sexual Health Risk Behaviors [rafræn útgáfa]. *Health Psychology*, 23(1), 67-74.
- Campbell, R., Sefl, T., Tracy, B. H., Ahrens, C. E., Wasco, S. M. og Zaragoza-Diesfeld, Y. (1999). Community services for rape survivors: Enhancing psychological well-being or increasing trauma[rafræn útgáfa] *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 67(6), 847-858.
- Campbell, R., Wasco, S. M., Ahrens, C. E., Sefl, T. og Barnes, H. E. (2001). Preventing the "second rape" - Rape survivors' experiences with community service providers [rafræn útgáfa]. *Journal of interpersonal violence*, 16(12), 1239-1259.
- Chapleau, K. M. og Oswald, D. L. (2010). Power, sex and rape myth acceptance: testing two models of rape proclivity [rafræn útgáfa]. *Journal of sex research*, 47(1), 66-78.
- Cudd, A. E. og Andreasen, R.O. (2005). *Feminist Theory: A Philosophical Anthology*. Oxford: Blackwell publishing.
- Douglas, K. B. (2004). *Sexuality and the black church. A womanist perspective*. New york: Orbis books.
- Eastel, P. og McOrmond - Plummer, L. (2008). *Real rape. Real pain: Help for women sexually assaulted by male partners*. Australia: Hybrid publishers.
- Edwards, K., Turchik, J., Dardis, C., Reynolds, N. og Gidyics, C. (2011). Rape Myths: History, Individual and Institutional-Level Presence, and Implications for Change [rafræn útgáfa]. *Sex roles*, 65(11), 761-773.
- Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Reynsla kvenna á aldrinum 18-80 ára á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- Elklit, A. og Shevlin, M. (2010). General practice utilization after sexual victimization: A case control study [rafræn útgáfa]. *Violence against women*, 16(3), 280–290.
- Elliott, M. (1994). *Female sexual abuse of children*. New york: The Guilford press.
- Finkelhor, D. og Browne, A. (1985). The traumatic impact of child sexual abuse: a conceptualization [rafræn útgáfa]. *American journal of orthopsychiatry*, 55(4), 530-541.
- Foucault, M. (2005). Alsæi, vald og þekking. (Björn Þorsteinsson, Garðar Baldvinsson og Sigurður Ingólfsson þýddu). Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Gilfus, M. E., Trabold, N., O'Brien, P. Og Fleck-Henderson, A. (2010). Gender and intimate partner violence.: evaluating the evidence [rafræn útgáfa]. *Journal of social work education*, 46(2), 245-263.

- Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason. (2014). Hrunið í fræðilegu ljósi (ritstj. Ingi Rúnar Eðvarðsson og Jón Gunnar Bernburg) í *Íslenska þjóðfélagið*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Guðrún Katrín Jóhannesdóttir. (2016). "Þá urðu allir bara ógeðslega reiðir." *Að kæra nauðgun í litlu bæjarfélagi*. Meistararitgerð í félagsfræði við Háskóla Íslands. Háskóli Íslands. Félagsfræðideild.
- Gunnar Reynir Sveinbjörnsson. (2010). *Ársskýrslan lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 2009*. Reykjavík : Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.
- Halldór Laxness. (1931). *Salka Valka*. Reykjavík: Vaka – Helgafell.
- Heath, N. M., Lynch, S. M., Fritch, A. M., McArthur, L. N. og Smith, S. L. (2011). Rape myth acceptance in incarcerated women's narratives of disclosure and reporting of rape [rafræn útgáfa]. *Silent survivors*, 35(4), 596-610.
- Herman, J. L. (2003). *The mental health of a crime victims: Impact of legal intervention* [rafræn útgáfa]. *Journal of Traumatic stress*, 16(2), 159-166.
- Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir. (2013). *Tilkynntar nauðganir til lögreglu á árunum 2008-2009: Um afbrotið nauðgun, sakborning, brotaþola og málsmeðferð*. Reykjavík: Háskóli Íslands og Edda - Center of excellence.
- Ingólfur V. Gíslason. 2010. *Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Viðbrögð heilbrigðisþjónustunar*. Reykjavík: Háskóli Íslands og Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd.
- Ivanov, M., Platonova, N. og Kozlovskaya, G. (2015). Long – term mental health consequences of child sexual abuse [rafræn útgáfa]. *European psychiatry*, 30(1), 28-31.
- Íslensk orðabók. (1993). Ritstjóri: Árni Böðvarsson. Reykjavík: Mál og menning.
- Íslensk orðabók. (2002). Ritstjóri: Mörður Árnason. Reykjavík: Edda.
- Jafnréttisstofa. (2010). *Kyn og jafnrétti: Upplýsingar fyrir ungt fólk*. Í Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Jónsdóttir (ritsjórar). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Karen Ásta Kristjánsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2015). „Ég fékk svona KABÚMM.“ Áhrif femínískrar þekkingarsköpunar á meistaranaema í kynjafræði við Háskóla Íslands (ritstj. Helga Ólafs og Thamar M. Heijstra) í *Rannsóknir í félagsvísindum XVI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2015*.
- Koss, M. P. og Harvey, M. R. (1991). *The rape victims: Clinical and community interventions* (2. útgáfa). California: Sage Publications, Inc.
- Krug, E. G., Dahlberg, L. L., Mercy, J. A., Zwi, A. B. og Lozano, R. (2002). World report on violence and health. Geneva: *World Health Organization*.
- Lára Björnsdóttir. (2006). *Heildrænt skipulag í heilbrigðis- og félagsþjónustu*. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sigurður Guðmundsson (ritstjórar), Heilbrigði og Heildarsýn.

- Lewis, M. (1992). *Shame: The exposed self*. New York: The Free Press.
- Martin, P. Y. (2005). *Rape work: victims, gender and emotions in organization and community context*. Routledge: New York.
- Martin, P. Y. og Powell, R. M. (1994). Accounting for the "second assault": legal organizations framing of rape victims [rafræn útgáfa]. *Law and social inquiry*, 19(4), 853-890.
- Menon, P. K. (1983). „The law of rape and criminal law administration with special reference to the commonwealth Caribbean“ [rafræn útgáfa]. *International and comparative law quarterly*, 32(4), 832-870.
- Mill, J. S. (1997). *Kúgun kvenna*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Miller-Karas, E. (2015). Resilience and trauma defined. Í Miller-Karas, E. (ritstjóri), *Building resilience to trauma. The trauma and community resiliency models*. Routledge: New York.
- National association of social workers. (2002). *Equity, practice update from the national association of social workers: Social work summit on violence against women*. Sótt 16. apríl 2017 af http://www.socialworkers.org/pressroom/events/domestic_violence/equity010_1.pdf
- Resick, P. A. (1993). The psychological impact of rape [rafræn útgáfa]. *Journal of Interpersonal Violence*, 8(2), 223-225.
- Sadock, B. J., Sadock, V. A. og Ruiz, P. (2007). *Synopsis of psychiatry. Behavioral sciences/clinical psychiatry* (11. útgáfa). New York: Wolters Kluwer.
- Shevlin, M., Dorahy, M. Og Adamson, G. (2007). Childhood traumas and hallucinations: An analysis of the National Comorbidity Survey [rafræn útgáfa]. *Journal of Psychiatric Research*, 41(3-4), 222-228.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2011). *Nauðgun. Tilfinningaleg og félagsleg hremming. Rannsóknarviðtöl við 24 konur*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Snyder, C. (2008). What is third - wave feminism? A new direction essay [rafræn útgáfa]. *Signs*, 34(1), 175-196.
- Sólveig Anna Bóasdóttir. (1998). *Violence, power and justice: a feminist contribution to christian sexual ethics*. Uppsala: Sweden.
- Sturza, M. L., og Campbell, R. (2005). An exploratory study of rape survivors' prescription drug use as a means of coping with sexual assault [rafræn útgáfa]. *Psychology of Women Quarterly*, 29(4), 353-363.
- Sudderth, L. K. (1998). "It'll come right back at me": The interactional context of discussing rape with others. *Violence against women*, 4(5), 572-594.
- Thio, A. (2010). *Deviant behavior*. Boston: Allyn & Bacon.

- Tjaden, P. og Thoennes, N. (1998). *Prevalence, incidence, and consequences of violence against women: The National Violence against women survey.*
- Ullman, S. E. (1996). Do social reactions to sexual assault victims vary by support provider [rafræn útgáfa]. *Violence and victims, 11(2)*, 143-157.
- Ullman, S. E. og Filipas, H. H. (2001). Predictors of PTSD symptom severity and social reactions in sexual assault victims [rafræn útgáfa]. *Journal of traumatic stress, 14(2)*, 369-389.
- Walby, S. (2008). *Theorizing patriarchy.* Oxford UK: Blackwell.
- Walker, J. Archer, J og Davies, M. (2005). Effects of rape on men: A descriptive analysis. *Archives and sexual behavior, 18(4)*, 303-318.
- Þorgerður Einarsdóttir. (2004). Hið vísindalega er pólitískt. Femínismi sem fræðikenning andófs og baráttu. Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstj.), *Íslensk félagsfræði. Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar* (bls. 200-225). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þórdís Elva Þorvaldsdóttir. (2009). *Á mannamáli.* Reykjavík: JPV útgáfa.